
Efnistaka úr Bakkanámu og úr landi Skorholts, Hvalfjarðarsveit Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 18. maí 2021 barst Skipulagsstofnun tillaga Hólaskarðs ehf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr Bakkanámu og landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Bakka – og Skorholtsnáma – Efnistaka. Tillaga að matsáætlun. Hólaskarð ehf. og Efla verkfræðistofa, maí 2021.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit þann 9. júní 2021
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands þann 30. júní 2021
- Minjastofnun Íslands þann 7. júní 2021
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 10. júní 2021
- Samgöngustofu þann 15. júní 2021
- Vegagerðinni þann 9. júní 2021

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 7. júlí 2021.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í nóvember 2020 lagði BM Vallá fram tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu um efnistöku í Skorholtsnámu og lá ákvörðun stofnunarinnar um matsáætlun fyrir í mars síðastliðnum. Efnistaka hefur verið stunduð í Skorholtsnámu allt frá árinu 1954 og búið er að vinna um 455 þúsund m³ af efni úr námunni. Fyrirhuguð framkvæmd miðaði að því að vinna allt að 2,5 milljón m³ af efni úr námunni til viðbótar á næstu 30-40 árum.

Í þessari málsmeðferð er hins vegar um að ræða efnistöku á landsskika sem liggur á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu í landi Skorholts auk þess efnis sem enn er nýtanlegt úr Bakkanámu á vegum Hólaskarðs ehf. (sjá mynd 1). Efnistaka hefur verið í Bakkanámu í um 50 ár og er áætlað að um 250.000 m³ hafi verið unnir úr námunni en gert er ráð fyrir að unnt verði að vinna á milli 100.000 – 200.000 m³ úr námunni til viðbótar og um 1.2 milljónir m³ af landsvæðinu á milli námanna, sem er um 5 ha að stærð, til næstu 10-15 ára.



Mynd 1. Gult svæði markar svæðið sem enn er óunnið úr í Bakkanámu og rauða svæðið afmarkar nýtt efnistökusvæði sem er á milli Skorholtsnámu og Bakkanámu í landi Skorholts. (Úr greinargerð).

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

Jarðmyndanir

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á efnistaka er fyrirhuguð úr fornri óseyri frá síðjökultíma sem er hluti af mun stærri jarðfræðilegri heild og hefur svæðið því mikið vísindalegt gildi. Stofnunin bendir á að við frágang sé full ástæða til að vernda jarðlagasnið þannig að hægt sé að skoða innri gerð óseyrarmyndunarinnar.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ráð fyrir umfjöllun um jarðmyndanir þær sem Náttúrufræðistofnun vekur athygli á, m.a. þarf að fjalla um þann möguleika að við frágang verði verndað jarðlagasnið þar sem hægt sé að skoða innri gerð óseyrarmyndunarinnar.

Samlegðaráhrif

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri efnistöku á vegum BM Vallár í Skorholtsnámu og leggja mat á samlegðaráhrif námanna á þá umhverfisþætti sem verða til umfjöllunar í frummatsskýrslu Hólaskarðs ehf.

Vinnslutilhögun, áfangaskipting og frágangur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að sökum þess að vinnslusvæðið sé ekki mjög stórt verði erfitt að áfangaskipta því þar sem alltaf þarf að vera nægilegt svæði fyrir hörpur og hjólaskóflur til að athafna sig. Auk þess gerir grunnvatnssöfnun, og leiðir til að vinna gegn henni, framkvæmdaraðila erfitt fyrir með áfangaskiptingu. Fram kemur að í frummatsskýrslu verði sett fram áætlun um vinnslu í námunni þar sem fjallað verði um afmörkun, vinnslutíma, vinnslutilhögun, vinnsluaðferðir, aðstöðu verktaka og frágangsaætlun. Auk þess verður fjallað um hvernig frágangi efnistökusvæðisins hefur verið háttað til þessa.



Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða umfjöllun vinnslutilhöggun en leggur áherslu á að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram skýr rök fyrir þeim erfiðleikum sem framkvæmdaraðili telur vera á áfangaskiptingu vinnslunnar. Í frágangssáætlun þarf að gera grein fyrir hvernig frágangi verði háttað á vinnslutíma, þ.e. hvernig gengið verði frá þeim hlutum námunnar þar sem efnistöku er lokið og hversu stór hluti námusvæðisins verði opinn hverju sinni á meðan á vinnslu stendur.

Ásýnd

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að möguleg áhrif á landslag og sjónræna þætti tengist einkum efnistöku sjálfri og námunni sem myndist við efnistöku. Náman mun sjást frá aðliggjandi svæðum og verða sjónræn áhrif metin og gerð grein fyrir aðferðarfræði þess mats.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að fjalla um hugsanleg áhrif af bæði núverandi efnistöku jafnt sem fyrirhugaðri á ásýnd svæðisins. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram rökstuðningur fyrir vali sjónarhorna sem eiga að sýna útlit framkvæmdasvæðisins á ljósmyndum. Leitast þarf við að sýna með líkanmyndum frá sjónarhornum s.s. frá Vesturlandsvegi, hvernig ásýnd námunnar kann að breytast eftir því sem efnistökusvæðið stækkar. Þá þarf að gera grein fyrir hvað lagt er til grundvallar mati á gildi svæðisins og viðkvæmni þess.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir öðrum valkostum en aðalvalkosti og settar fram ástæður þessa.

Skipulagsstofnun minnir á að samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í frummatsskýrslu verði nánari umfjöllun og mat á öðrum valkostum en aðalvalkosti. Þó að ekki sé um aðra staðarvalkosti að ræða gætu aðrir valkostir snúið að m.a. vinnsludýpi námunnar til þess að koma í veg fyrir að farið sé niður fyrir grunnvatnsborð og því magni sem fyrirhugað er að taka úr námunni.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Hólaskarðs ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum:

1. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um jarðmyndanir þær sem Náttúrufræðistofnun vekur athygli á í umsögn sinni um tillögu að matsáætlun, m.a. þarf að fjalla um þann möguleika að við frágang verði verndað jarðlagasnið þar sem hægt verði að skoða innri gerð óseyrarmyndunar frá síðjökultíma.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir fyrirhugaðri efnistöku á vegum BM Vallár í Skorholtsnámu og leggja mat á samlegðaráhrif námanna á þá umhverfisþætti sem verða til umfjöllunar í frummatsskýrslu Hólaskarðs ehf.
3. Í frummatsskýrslu þurfi að koma fram skýr rök fyrir þeim erfiðleikum sem framkvæmdaraðili telur vera á áfangaskiptingu vinnslunnar. Í frágangssáætlun þarf að gera grein fyrir hvernig frágangi verði háttað á vinnslutíma, þ.e. hvernig gengið verði frá þeim hlutum námunnar þar sem efnistöku er lokið og hversu stór hluti námusvæðisins verði opinn hverju sinni á meðan á vinnslu stendur.
4. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram rökstuðningur fyrir vali sjónarhorna sem eiga að sýna útlit framkvæmdasvæðisins á ljósmyndum. Leitast þarf við að sýna með líkanmyndum frá sjónarhornum s.s. frá Þjóðvegi 1, hvernig ásýnd námunnar kann að breytast eftir því sem



efnistökusvæðið stækkar. Þá þarf að gera grein fyrir hvað lagt er til grundvallar mati á gildi svæðisins og viðkvæmni þess.

5. Í frummatsskýrslu verði nánari umfjöllun og mat á öðrum valkostum en aðalvalkosti. Þó að ekki sé um aðra staðarvalkosti að ræða gætu aðrir valkostir snúið að m.a. vinnsludýpi námunnar, til þess að koma í veg fyrir að efnistaka fari niður fyrir grunnvatnsborð, og því magni sem fyrirhugað er að taka úr námunni.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 8. september 2021.

Reykjavík, 6. ágúst 2021

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson